



FJARÐABYGGÐ

Forstöðumaður sumarfrístundar í Fjarðabyggð

STARFSLÝSING

Yfirmaður: Íþróttá- og frístundastjóri

Stofnun / Deild: Íþróttá- og tómstundamál

1. Stjórnskipun, ábyrgð markmið og meginviðfangsefni

Starfið heyrir undir íþróttá- og frístundastjóra og er starfsmaður ábyrgur í störfum sínum gagnvart honum. Starfsmaður skipuleggur sumarfrístund barna í 1. – 4. bekk og sér um að framfylgja því skipulagi. Forstöðumaður verkstýrir öðrum starfsmönnum í sumarfrístund.

2. Helstu verkefni

- Skipuleggja í samráði við íþróttá- og frístundastjóra og annað starfslið starfið í sumarfrístund með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni.
- Halda utan um skráningar barna í sumarfrístund.
- Gefa börnum tækifæri til að stunda heilsusamlega hreyfingu og þroskandi leiki jafnt úti sem inni.
- Hjálpa börnum í sumarfrístund við að skipuleggja og framkvæma verkefni við hæfi.
- Aðstoða börn í kaffítumum.
- Að hafa hag barnanna að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju.
- Að hafa jafnrétti barna að leiðarljósi.
- Gæta skal fyllsta öryggis í vinnu með börn í sumarfrístund og forðast þær aðstæður sem reynst geta þeim hættulegar.
- Sækja fundi forstöðumanna sumarfrístunda í Fjarðabyggð.
- Þagnarskylda gildir um öll mál sem starfsmenn verða áskynja í starfi sínu og gildir sú þagnarskylda þótt látið sé af störfum.

2.1. Samskipti

- Við forstöðumenn annarra sumarfrístunda í Fjarðabyggð
- Við aðra starfsmenn sumarfrístunda og íþróttá- og frístundastjóra.
- Við forráðamenn barna í sumarfrístund.
- Við íþróttafélög og aðra sem bjóða upp á námskeið eða æfingar fyrir börn á þessum aldiri.
- Við utanaðkomandi ráðgjafa.

2.2. Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem að íþróttá- og frístundastjóri felur starfsmanni eða verkefni sem eru skilgreind á hans ábyrgðarsviði.

3. Hæfnis- og samstarfsmarkmið

3.1. Menntun og reynsla

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi t.d. tómstunda- og félagsmálafræði eða önnur uppeldismenntun.
- Reynsla af vinnu með börnum.
- Hreint sakavottorð

- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli

3.2. Hæfnispættir

- Frumkvæði og sjálfstæði.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Metnaður og dugnaður.
- Áhugi á að taka þátt í og þróa nýtt verkefni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvætt viðmót og framúrskarandi samstarfshæfni.

Fjarðabyggð, dags_____

Forstöðumaður sumarfrístundar

Íþotta- og frístundastjóri